



# Ársskýrsla 2020



## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu .....	3
Frá framkvæmdastjóra AH .....	3
Ávarp stjórnarformanns MS og Ísey .....	4
Frá forstjóra MS .....	5
Fulltrúar deilda Auðhumlu .....	6
Stjórn Auðhumlu .....	7
Verðlaunahafar 2020 .....	8
Mjólkursamsalan ehf. 2020 .....	9
Ísey útflutningur ehf. 2020 .....	10
Tölulegar upplýsingar .....	11
Ársreikningur samstæðu 2020 .....	13
Áritun óháðra endurskoðenda .....	14
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	16
Rekstrarreikningur ársins 2020 .....	17
Efnahagsreikningur .....	18
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020 .....	20
Yfirlit um eigið fé ársins 2020 .....	21
Skýringar .....	22
Viðauki .....	34



---

Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss  
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar  
Ljósmyndir: Þórhildur Jónsdóttir, Kristjana Jónsdóttir og Þorsteinn Jónsson  
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson  
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson  
Prentun: Prentmet

---



# Ávarp stjórnarformanns Auðhumla

Ágúst Guðjónsson



Árið 2020 verður lengi í minnum haft vegna Covid-19. Þetta hefur verið krefjandi ástand og full ástæða til að hrósa starfsfólki fyrirtækjanna okkar sérstaklega fyrir góða frammistöðu á árinu.

Það getur verið hollt að líta í baksýnispegilinn stöku sinnum og sjá hvað hefur áunnist í mjólkuriðnaðinum. Raunlækkun á greiðslum úr ríkissjóði til kúabænda á tímabilinu 2004-2020 nemur um 2 milljörðum króna hvert ár, eða sem nemur 23% lækkun á tímabilinu. Hefðu greiðslur fylgt aukningu greiðslumarks og væru nú sambærileg krónutala og árið 2004 væri ríkisstuðningur um 5,5 milljörðum hærra hvert ár. Munurinn er rúmlega 38 kr/litra innan greiðslumarks. Bændur hafa mætt þessum tekjumissi með aukinni hagræðingu og þar með aukinni framleiðni í mjólkurbúskap. Þá er ótalin sú mikla hagræðing sem hefur átt sér stað í mjólkuriðnaðinum sem skýrsla Ragnars Árnasonar hefur staðfest. Framleiðnin hefur vaxið tvöfalt hraðar frá árinu 2000 en algengt er í atvinnuvegum hér á landi. Árlegur ávinningur er nú tveir til þrjár milljarðar og núvirði hans er 50 til 70 milljarðar króna. Samkvæmt skýrslu Ragnars þá hefur stærsti hluti ávinningsins runnið til neytenda og síðan til bænda en ekki orðið mikið eftir hjá afurðarstöðvum sem hefur torveldað fjárfestingar í greininni. Staðreyndirnar tala sínu máli varðandi framfarir í greininni og jafnframt tel ég að því fjármagni, sem ríkissjóður leggur í greinina, sé vel varið út frá almannahagsmunum.

Í fyrsta skipti hefur nú á vegum ríkisins verið gefið út umræðuskjal um íslenska landbúnaðarstefnu. Þetta var löngu tímabært og ánægjulegt að það skuli dregið fram hvað landbúnaður snertir og styður við margar aðrar atvinnugreinar, eins og til dæmis ferðaþjónustu. Fæðuöryggi er tekið sérstaklega fyrir enda hefur Covid-

19 vakið fólk til umhugsunar og ljóst að landið býður upp á mikil tækifæri til fæðuframleiðslu sem eru ónytt. Þá er farið yfir samkeppnisumhverfi landbúnaðarins og vakin athygli á því að bæði í Noregi og ESB eru almennari og rýmri ákvæði í löggjöf sem vikja til hliðar ákvæðum samkeppnislaga. Orð eru til alls fyrst og vonandi bera stjórnvöld gæfu til að taka þessi mál fóstum tókum, landbúnaðinum og landsmönnum til góða.

Mjólkurframleiðsla ársins 2020 var 151,2 milljónir lítra og er búin að vera á svipuðu röli síðustu 5 ár. Sala á fitugrunni var 142,8 milljónir lítra en 122,5 milljónir lítra á próteingrunni þannig að próteinhallinn var rúmlega 20 milljónir lítra. Hann hefur myndast vegna aukinnar neyslu á fituríkum vörum og auknum innflutningi vegna tvíhliða tollasamnings sem var gerður haustið 2015 við ESB og tók gildi 1. maí 2018. Þessu til viðbótar hefur eftirlit með innflutningi ekki verið nægjanlega öflugt og mjólkurvörur hafa sloppið fram hjá tollmúrum. Lagt hefur verið í talsverða vinnu innan Mjólkursamsölnunar til að kortleggja hvernig hægt er að auka verðmætin úr próteini sem selst ekki á innanlandsmarkaði og vonandi munum við sjá árangur af þeirri vinnu á næstu misserum.

Árið 2020 varð 357 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumla svf. en hagnaður upp á 185 milljónir króna árið áður. Þannig að hagnaður jókst um 172 milljónir á milli ára þrátt fyrir Covid-19. Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 55%. Hagræðingaraðgerðir síðustu þrjú ár hjá Mjólkursamsölnunni, dótturfélagi Auðhumla, hafa skilað sér í betri rekstri og er árið 2020 besta rekstrarár Mjólkursamsölnunar frá sameiningu 2007. Jafnframt er þetta þriðja árið í röð sem Mjólkursamsalan er rekin með

viðunandi afkomu sem er gríðarlega mikilvægt til að hægt sé að ráðast í þær fjárfestingar sem liggja fyrir. Í lok ágúst var hlutafjárukning í Mjólkursamsölnunni upp á 508 milljónir og þar með fór Kaupfélag Skagfirðinga upp í 20% eignarhlut, Auðhumla svf. tók ekki þátt í hlutafjárukningunni. Fjárfestingarþörf Mjólkursamsölnunar hefur verið kortlögð næstu misserin og nauðsynlegt að það gangi eftir svo að fyrirtækið geti haldið áfram að þróa sig og geti staðið áfram í fremstu röð.

Nýgengin dómur Hæstaréttar í samkeppnimálinu var vissulega vonbrigði en þar við situr. Farið hefur verið yfir alla ferla er snúa að samkeppnimálum til að tryggja rétt vinnubrögð innan Mjólkursamsölnunar.

Þrátt fyrir að sala á mjólkurvörum hafi dregist lítillega saman árið 2020 þar sem Covid-19 hefur leikið aðalhlutverkið er ekki hægt annað en að vera bjartsýnn. Íslenskir neytendur hafa staðið með okkur og kunna vel að meta öflugna vöruþróun síðustu ára sem hjálpar okkur að halda stöðu á markaði. Þegar hjól ferðaþjónustunnar fara að snúast að nýju tel að ég við náum fyrri stöðu og jafnframt hefur verið mikill slagkraftur í Ísey útflutningi ehf. og mörg spennandi verkefni í farvatninu, eins og útflutningur frá Íslandi til Danmerkur og Þýskalands. Ef vel tekst til þá á þessi starfsemi að geta skilað íslenskum kúabændum ávinningi. Þá stendur fyrir dyrum breyting á félagskerfi bænda og mér finnst ég finna fyrir mikið meiri baráttuanda í röðum bænda nú en áður. Ég held því að við getum horft bjartsýn fram á veginn ef íslenskur landbúnaður stendur saman.

Að lokum vil ég þakka kúabændum, starfsfólki, viðskiptavinum og stjórnum félaganna fyrir gott samstarf á árinu.

## Frá framkvæmdastjóra AH Garðar Eiríksson

Árið 2020 var innlögð mjólk lítillega minni en árið á undan. Tvær verðhækkningar urðu á árinu 2020 og þrátt fyrir Covid-19 tókst að miklu leyti að halda uppi sölu og starfsemi innanlands á meðan útflutningsmarkaðir hafa verið tregir og verð lág. Þó er eitthvað að ræstast úr á fyrstu mánuðum 2021 í þeim efnum. Með hagræðingaraðgerðum hefur tekist að halda launakostnaði lítið breyttum á milli ára, þrátt fyrir kjarasamningsbundnar hækkningar. Með hlutafjárhækkun í MS lækkaði eignarhlutur Auðhumla í 80% en KS jók sinn hlut í 20%. Heildarskuldur samstæðunnar lækkuðu lítillega en lausafjárstaða samstæðunnar var engu að síður þung allt árið.

Rekstur móðurfélagsins Auðhumla hefur verið þungur á umliðnum árum og gengið hefur verið á eignir félagsins. Nauðsynlegt er að reksturinn verði jákvæður og að það takist að lækka skuldir. Með því að skjóta fleiri stöðum undir reksturinn, sem kunna að geta gefið af sér, verður félagið færara um að takast á við framtíðina. Fasteignasýsla hefur verið mikilvæg stöð í starfsemi félagsins og er horft til eflingar þess þáttar auk þess sem við uppskiptingu á MS í innlenda og erlenda starfsemi kom 80% hlutur í Ísey útflutningur ehf. og MS eignarhaldi ehf. í hlut Auðhumla. Er þess vænst að erlend starfsemi eflist við þessar breytingar og von um að þetta muni skila aðri til eigenda í náinni framtíð.

Hæstaréttardómur í samkeppnimálinu, auk fleiri dóma er fallið hafa og varða umgjörð innflutnings landbúnaðarvara, er til marks um þá veiku umgjörð sem íslenskur landbúnaður býr við og ekki síður speglast þar tregða yfirvalda til að halda rétt á gagnvart íslenskum landbúnaði í svokölluðu jurtaostamáli þar sem skattfyrirvöld gættu þess ekki að rétt væri tollað og skráð í samræmi við gerða milliríkjasamninga. Íslenska ríkið varð við þetta af verulegum fjárhæðum og stuðlaði um leið að skekktri samkeppnisstöðu íslenskra landbúnaðarvara.

Við þurfum sátt um rekstur og umgjörð íslensks landbúnaðar. En eins og staðan er núna er líklega bara óskhyggja að búast megi við slíku. Þakkar færi ég mjólkurframleiðendum, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum fyrir góð samskipti á liðnu ári.



# Ávarp stjórnarformanns MS og Ísey útflutnings ehf.

Elín M. Stefánsdóttir



Líðið ár var að mörgu leyti óvenjulegt fyrir allan heiminn. Covid-19 hefur geislað núna í rúmlega eitt ár. Þetta hefur vissulega áhrif á okkur öll. Mjólkursamsölunni hefur þó gengið ágætlega að halda sjó með sinn rekstur. Sala mjólkurvara á síðasta ári dróst örlítið saman en þó óverulega þrátt fyrir hrún í komu ferðamanna til landsins. Það gefur til kynna að Íslendingar séu enn þá sterkasti neytendahópurinn á mjólkurvörum okkar. Segja má að það hafi orðið verulegur samdráttur á fyrirtækjamerkaði þar sem starfsemi hótela, veitingastaða og mótuneyta hefur dregist mikið saman en verslunarmarkaðurinn hefur að mestu leyti vegið það upp.

Á síðastliðnu ári var afkoma MS án hlutdeildarféлага jákvæð upp á 281 milljón króna. Það er ríflega 100 milljóna rekstrarbati frá fyrra ári þrátt fyrir miklar launahækkunar og raskanir í sölu eins og áður greindi vegna Covid. Það blæs okkur bjartsýni í brjóst um að rekstur Mjólkursamsölnnar sé að komast á traustari grunn þar sem unnt verður að klára nauðsynlegar viðhaldsþjárfestingar og uppbyggingu til framtíðar. Töluverðar endurbætur hafa farið fram vegna BRC vottunar á starfsstöðvunum á Akureyri og Egilsstöðum en vottunarferli á þeim stöðum lauk á árinu með staðfestri vottun. Sambærilegt vottunarferli er í vinnslu á starfsstöð MS á Selfossi og stefnt á að því ljúki á árinu 2021. BRC er staðall þar sem áhersla er lögð á öryggi matvæla og umbúða sem notaðar eru í matvælaferlinu en stöðugt fleiri viðskiptavinir gera kröfu um að birgjar þeirra uppfylli þann staðal.

Um mitt ár 2018 var Ísey útflutningur ehf stofnaður sem dótturfélag MS. Á síðastliðnu ári var svo eignarhald Ísey útflutnings fært frá MS um erlenda starfsemi. Á síðastliðnu ári varð Ísey útflutningur svo sjálfstætt félag við skiptingu Mjólkursamsölnnar og eignarhald fært frá MS til Auðhumlu og Kaupfélags Skagfirðinga í sömu eignarhlutföllum og eru í MS. (AH 80% og KS 20%). Aðgreining erlendra starfsemi mætir áskilnaði í samningnum ríkis og bænda um fjárhagslegan aðskilnað innlendrar og erlendra starfsemi og skerpir stjórnunarlegar áherslur og sýn á mismunandi verkefni.

Það höfðu verið nokkrar vangaveltur um það hvernig erlendri starfsemi væri best fyrir komið svo afkoma af henni truflaði ekki innlendu starfsemi og þar með verðlagningu innanlands. Einnig var spurning hvernig hægt væri að koma hugsanlegum ábata af erlendri starfsemi til íslenskra bænda sem svo sannarlega hafa lagt grunninn að þessari starfsemi. Með breytingunni nú færast Ísey útflutningur og eignarhlutur í móðurfélagi Ísey Skyr Bar í félagið MS erlend starfsemi ehf. og eignarhlutur í bandaríska skyrfyrirtækinu Icelandic Provisions í félagið MS eignarhald ehf. Bæði þessi félög verða í eigu samvinnufélaganna Auðhumlu og Kaupfélags Skagfirðinga eins og Mjólkursamsalan og það gilda eins ákvæði í hluthafasamkomulagi í hverju félagi um takmarkanir á framsali eignarhluta og um forkaupsrétt hins hluthafans.

Náið samstarf verður áfram með Ísey og MS og samstarfssamningar gerðir um þjónustu sem félögin veita hvort öðru um vörubrún, markaðsmál og fleira. Stöðugt er unnið að því að finna markaði þar sem hagkvæmt er að markaðssetja skyr úr íslenski mjólk. Á síðasta ári

fór af stað sala á íslensku skyrri til verslana Spar og Meny í Danmörku. Þar hefur einnig farið af stað sala á skyrskvísunum. Nú er unnið að því að koma skyrri frá Íslandi í verslanir í Þýskalandi. Þá biðum við niðurstöðu í viðræðum um varanlegan fríværslunarsamning milli Bretlands og Íslands en við höfum lagt áherslu á að þar komi inn heimildir til innflutnings á dufti til Bretlands þar sem hægt væri að búa til skyr úr íslensku dufti.

Í framhaldi af framangreindum breytingum var ákveðið að Ari Edwald, sem hafði í rúmt ár stýrt Ísey útflutningi samhliða forstjórastarfi hjá Mjólkursamsölnni, myndi hér eftir stýra MS erlendri starfsemi og MS eignarhaldi og alfarið sinna erlendri starfsemi. Hefur hann því látið af störfum sem forstjóri Mjólkursamsölnnar. Þökkum við honum vel unnin störf í rúm 5 ár á þeim vettvangi og óskum honum velfarnaðar í nýjum verkefnum og væntum góðrar samvinnu við hann áfram.

Við starfi forstjóra Mjólkursamsölnnar hefur tekið Pálmi Vilhjálmsson sem unnið hefur í mjólkuriðnaðinum í áratugi og þekkir hann betur en nokkur annar, nú síðast sem aðstoðarforstjóri fyrirtækisins. Meginverkefni hans hefur verið að vinna að því að styrkja rekstrarstöðir Mjólkursamsölnnar með margvíslegum aðgerðum og ljóst er að viðsnúningur hefur orðið þar á síðastliðnu tvö ár.

Snemma á síðasta ári kom í ljós að mikil brotalöm væri á eftirliti með innflutningi hingað til lands. Misbrestur í tollaframkvæmd og skráningu við innflutning landbúnaðarvara var staðfestur víða í stjórnkerfinu. Kom málið m.a. til kasta á nefndasviði Alþingis svo og í ráðuneytum atvinnuvega, fjármála og utnaríkismála en Utanríkisráðuneytið fer með samningsumboð Íslands við gerð milliríkjasamninga. Það er ljóst að röng framkvæmd innflutnings- og tollamála er brot á ákvæðum milliríkjasamninga og þar með er samhliða verið að brjóta á réttindum bænda. Fljótlega hófst, að frumkvæði mjólkuriðnaðarins, vinna við að skoða þessi mál og á vörmanudum var Erna Bjarnadóttir hagfræðingur ráðin til starfa hjá Mjólkursamsölnni og hefur hún borið hitann og þungann af þessari vinnu.

Ég tel að þessi vinna hafi þjappað saman fólki úr félagskerfi bænda og afurðastöðvum og hefur jafnframt sýnt hvað samtakamátturinn er sterkt afl.

Ávinningurinn af þessari vinnu á eflaust eftir að koma betur í ljós á næstu árum. En nú þegar sjást þess merki að innflutningur á svokölluðum jurtaosti hefur dregist stórléga saman. Greinilegt er að t.d. margir viðskiptavinir hafa beint viðskiptum sínum til okkar í auknum mæli og tókum við þeim fagnandi. Það skal áréttað hér að viðbrögð fyrirtækja bænda og hagsmunafélaga þeirra vegna innflutnings landbúnaðarvara hafa eingöngu snúist um það að tollalög séu virt og farið sé eftir ákvæðum milliríkjasamninga þar sem kveðið er á um gagnkvæma hagsmuni samningaáðila.

Þegar skrifað var undir endurskoðun búvörusamninga í byrjun desember á síðastliðnu ári voru ákveðin atriði samningsins sett til áframhaldandi vinnslu í starfshópum. Þar á meðal voru verðlagsmálin og fengu fulltrúar afurðastöðva í fyrsta skipti aðkomu að þessum málum.

Vinnunni átti að vera lokið í maí á síðasta ári en af ástæðum, sem óþarft er að rekja hér, hefur sú vinna tafast. Okkar fulltrúar hafa lagt áherslu á að það verði ekki farið í breytingar á kerfinu sem ekki er hægt að rökstyðja á þann hátt að það sé öruggt að þær séu til batnaðar fyrir bænda og neytendur. Starfhópurinn hefur nú skilað af sér sínum tillögum til ráðherra en það eru alltaf samninganefndir bænda og ríkis sem hafa lokaorðið í útfærslu á tillögnum sem verður að lokum kosið um í atkvæðagreiðslu á meðal bænda.

Vert er að geta þess að Ragnar Árnason prófessor í hagfræði, sem hefur mikla þekkingu og reynslu í framleiðnimælingum og skiplagsmálum fyrir atvinnulífið, hefur nýverið lokið við gerð faglegrar úttektar á hagræðingu í mjólkuriðnaði fyrir tímabilið 2000 – 2018. Helstu niðurstöður þeirrar skýrslu sýna að umtalsverð hagræðing hefur átt sér stað í atvinnugreininni á ákveðnum árabílum innan þess 18 ára tímabils sem til skoðunar var. Fyrra tímabilið er í kjölfar lagabreytingar sem gerð var á búvörulögum 2004 með heimild afurðastöðva til samstarfs og sameiningar. Síðara tímabilið kemur í kjölfar sameiningar við stofnun Mjólkursamsölnnar ehf. 2007. Árlegt hagræði af skipulögðu fækkunar- og umbreytingarferli á þessu tímabili nemur um 2.800 – 3.000 milljónum króna á ári á verðlagi ársins 2020. Ætla má af niðurstöðum þessarar rannsóknar að um 1/3 af hagræðingunni hafi runnið til bænda í gegnum afurðaverð til þeirra en um 2/3 til neytenda í gegnum vöruverð og til ríkis í formi raunlækkunar á ríkisstuðningi til greinarinnar.

Þessi niðurstaða staðfestir það sem fram kom í skýrslu sem SAM gaf út árið 2014, „Árangri skilað til neytenda og bænda“, og sýnir fram á það að hagræðingunni hefur haldið áfram.

Hæstiréttur kvað upp sinn dóm í því máli sem í daglegu tali hefur verið kallað „samkeppnismálið“ og hófst fyrir u.p.b. 9 árum síðan. Dómurinn féll okkur í óhag en vonast hafði verið til að dómurinn staðfesti niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem komst að annarri niðurstöðu á sínum tíma. Vissulega eru þetta vonbrigði og margt fullrytt um aðstæður í mjólkuriðnaði sem rímar illa við þann efnislega veruleika sem við þekkjum af eigin raun. Það þýðir þó ekki að deila við dómarrann, þetta er endanleg niðurstaða. Við verðum að setja þetta aftur fyrir okkur og höfum þegar fyrir nokkrum árum gert þær breytingar, t.d. varðandi aðskilnað á starfsemi Mjólkursamsölnnar frá mjólkursöfnun og sölu á mjólk til annarra aðila, að ekki ætti að vera hægt að gera þær aðstæður tortryggilegar í framtíðinni með þeim hætti sem gert var í samkeppnismálinu.

Ég hef trú á því að við eigum bjartari tíma fram undan, það hefur tekist að snúa við rekstri sem var kominn á bjargbrúnina og það þó að ytra umhverfi hafi ekki verið hagnæmt. Miklar launahækkunar hafa verið í landinu, heimsmarkaðsverð hefur verið lágt, mismunur á sölu á fitu og próteini hefur stöðugt farið vaxandi og Covid-19 hefur leikið heimsbyggðina grátt. En vorið er fram undan og þó það sé kalt enn sem komið er þá ráðum við fram úr því sem öðru.

Góðar stundir, Elín M. Stefánsdóttir

# Frá forstjóra MS

Pálmi Vilhjálmsson



## Inngangur

Starfsemi Mjólkursamsölnunnar á síðasta ári fór fram við mjög óvenjulegar aðstæður. Faraldur vegna Covid-19 veirunnar breiddist um heiminn með þeim afleiðingum sem öllum eru kunnar. Þetta ástand snerti alla og þurfti að bregðast við á öllum stöðum samfélagsins. Mjólkursamsalan og tengd fyrirtæki fóru ekki varhluta af þessu. Við undirbúning þeirra viðbragðsaðgerða, sem skipulagðar voru og gripið var til í samráði við stjórnvöld, kom í ljós að Mjólkursamsalan er skilgreind sem samfélagslega mikilvægt fyrirtæki. Má segja að það sé í fullu samræmi við það grundvallarhlutverk fyrirtækisins að tryggja öllum landsmönnum þær nauðsynjar sem mjólkurvörur eru. Ástandið kallaði á mikil viðbrögð og skipulagningu í starfsstöðvum fyrirtækisins og einnig í samskiptum við bændur sem og viðskiptavini. Árangur í baráttu starfsfólks MS og bænda við að verja starfsemina gegn þessum vágesti hefur enda verið aðdáunarverður. Hefur hann grundvallast á samvirkseminni þeirra við að framfylgja öguðum vinnubrögðum og einurð í því að fara eftir tilsettum umgengnisreglum. Starfsfólk og bændur hafi miklar þakkar fyrir sitt framlag.

## Rekstur og aðrir starfsþættir Mjólkursamsölnunnar

Aðstæður í samfélaginu á árinu 2020 höfðu óhjákvæmilega áhrif á starfsemi Mjólkursamsölnunnar eins og annarra fyrirtækja í landinu. Áhrifin á sölu mjólkurvara reyndust þó mun minni en jafnvel hefði mátt vænta við þær andsnúnu aðstæður sem ríktu meginhluta ársins. Eftir á má því segja að þessi niðurstaða hafi verið í samræmi við mikilvægi Mjólkursamsölnunnar í samfélagi okkar þar sem mjólkurvörur skipa ríkan sess í grundvallarþörfum fólks. Samdráttur í sölu var óverulegur í samanburði við áhrif heimsfaraldursins á mörg önnur fyrirtæki í landinu. Söluþynstrið breyttist þó umtalsvert. Sala á fyrirtækjagrunni, það er til mótuneyta, hótela og veitingahúsa, dróst verulega saman enda stöðvaðist ferðamannastraumur nánast alfarið á árinu. Á móti jókst sala til verslana enda miklu fleiri Íslendingar á landinu að jafnaði en áður en náði þó ekki að vega upp samdrátt fyrirtækjamerkaðar til fulls.

Af rekstri Mjólkursamsölnunnar á árinu 2020 er það helst að segja að rekstrarafkoma félagsins hefur aldrei verið betri í þau 14 ár sem það hefur starfað, það er frá stofnun þess árið 2007. Það er hvetjandi fyrir stjórn og starfsfólk MS að ná slíkum árangri, ekki síst við þær erfiðu aðstæður sem ríktu á síðastliðnu rekstrarári. Á það skal jafnframt bent að allt fram á mitt ár 2018 var rekstrarafkoma starfsemi Íseyjar ehf. innifalin í EBITDA hagnaði Mjólkursamsölnunnar en svo var ekki á rekstrarárunum 2019 og 2020. Batnandi rekstrar- niðurstöður síðustu tveggja ára endurspegla því augljósa styrkingu í rekstri á grunnstöðum Mjólkursamsölnunnar og er ánægjulegt að svo hafi tekist til í framhaldi af þeim krefjandi aðgerðum sem gripið hefur

verið til á undanförunum árum. Rekstraráætlun ársins 2021 gerir ráð fyrir að unnt verði að varðveita þennan árangur og jafnvel að gera betur – en hyggilegast er að gæta hófsemi í því að vekja væntingar í þessum efnunum sem öðrum.

Í marsmánuði síðastliðnum var birt niðurstaða Hæstaréttar í samkeppnismálinu svokallaða. Niðurstaðan var Mjólkursamsölnunni óhagstæð og voru það vissulega vonbrigði þar sem vonir stóðu til að úrskurður Áfrýjunarnefndar samkeppnismála yrði staðfestur. Áfrýjunarnefndin felldi á sínum tíma úrskurð Samkeppniseftirlitsins gegn Mjólkursamsölnunni en Hæstiréttur var annarrar skoðunar og er þessu máli þar með lokið. Í framhaldinu verður farið enn frekar og reglubundið yfir alla starfsþætti félagsins til að tryggja eins og framast er unnt að starfsemin uppfylli allar kröfur á sviði samkeppnismála. Hluti af því er framfylgni þeirrar samkeppnisréttaráætlunar sem unnin var af lögmonnum MS og er nú stuðst við í starfsemi félagsins.

## Hagsmunagæsla

Á síðastliðnu ári hefur það komið bersýnilega í ljós hversu mikilvægt það er að stunda öflugna hagsmunagæslu fyrir íslenskan landbúnað, þar með talið mjólkurframleiðsluna. Með hugtakinu hagsmunagæslu, í þessu samhengi, er fyrst og fremst átt við grunnvinnu og málflutning, bæði munnlegan og skriflegan, með það að markmiði að verja umsamin og lögvarin starfskilyrði landbúnaðar. Þessi starfskilyrði eru m.a. skýgreind í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og staðfestir eru af Alþingi. Á síðasta ári var með þrotlausri vinnu, sem fram fór m.a. af hálfu sérfræðinga á vegum Mjólkursamsölnunnar, sýnt fram á að miklar brotalamiir eru í tollafrankvæmd við innflutning landbúnaðarvara. Sérstaklega var sjónum beint að innflutningi og tollflokkan á ostum þar sem pottur reyndist alvarlega brotinn. Auk þessa kom í ljós mikið og óútskýrt ósamræmi í skráðum hagtolum um innflutning landbúnaðarvara frá ESB löndum til Íslands. Þetta misræmi var fólgið í mun meiri útflutningi ýmissa landbúnaðarvara til Íslands samkvæmt opinberum hagtolum ESB landa en nam innflutningi sömu vara hingað til lands samkvæmt skráðum innflutningstölum stjórnvalda hér á landi. Á hinn bóginn var skráður innflutningur á ýmsum blönduðum vörum til Íslands frá ESB miklu meiri en skráður útflutningur sömu vara frá ESB samkvæmt tölum ESB. Fullnægjandi skýringar á þessu misræmi hafa enn ekki komið fram.

Í framhaldinu fór af stað í samstarfi við Bændasamtök Íslands og sérgreinafélög í landbúnaði mikil vinna og samskipti við stjórnvöld til að þrýsta á um að koma þessum málum í þann farveg sem þau réttilega eiga að vera í. Þessi samstillta vinna þessara hagsmunaaðila leiddi til þess að málið var tekið til formlegrar umfjöllunar og úrvinnslu á vegum stjórnvalda, þ.e. Alþingis, ráðuneyta atvinnuvega og nýsköpunar-, fjármála og efnahags- og utanríkismála. Málið er nú einnig komið til

skoðunar hjá embættum Ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðunar.

Nú á fyrsta ársfjórðungi 2021 er árangurinn af þessari baráttu að koma í ljós. Innflutningur á svokölluðum jurtaosti og skyldum vörum hefur dregist áberandi saman og starfskilyrði mjólkurvinnslu eru því að færast nær því sem um hefur verið samið í milliríkjasamningum og staðfest með lögum. Þetta ferli hefur undirstrikað með skýrum hætti hversu mikilvægt það er að bændur og fyrirtæki þeirra standi saman um að verja umsamin og lögfestan rétt atvinnugreinarinnar. Þessari hagsmunavinnu er hvergi nærri lokið og verður að halda henni áfram og verja áunninn rétt af árvekni.

## Að framtíð skal hyggja

Eins og rekstur Mjólkursamsölnunnar hefur verið að þróast undangengin tvö ár 2019–2020 er mjög mikilvægt að staldra við og setja niður vörður um þau framtíðarviðfangsefni sem setja þarf í forgang af hálfu stjórnenda fyrirtækisins. Reksturinn virðist vera að færast í mun betra horf og brynt að standa vörð um þann árangur. Um leið og rekstur og fjárhagur komast á traustari grunn skapast samhlíða sterkari staða til að endurskipuleggja fjárhag Mjólkursamsölnunnar og skapa aðstæður til að ljúka við þær fjárfestingar sem nauðsynlegar eru til framtíðar. Endurnýja þarf ýmsan framleiðslu-, þökkunar- og stoðbúnað vinnslunnar og um leið að auka sjálfvirkni og lækka vinnslukostnað enn frekar. Umfangsmesta viðfangsefnið er endurnýjun framleiðslubúnaðar fyrir mjólkurduft en einnig eru til skoðunar nýjar leiðir til fullvinnslu á próteini til útflutnings. Þar er lögð áhersla á að afla markaða fyrir nýjar afurðir sem gefa herra útflutningsverð á próteini en við búum við í dag. Um er að ræða vörutegundir sem við höfum ekki áður verið með í framleiðslu á Íslandi en trygg og viðvarandi eftirspurn er eftir á heimsmarkaði sem er grundvallarforsenda þess að leggja út í þetta þróunarstarf. Jafnframt eru bundnar vonir við að þessari nýju framleiðsluleið fylgi lægri fjárfestingarkostnaður í búnaði til próteinvinnslu heldur en sá sem fólgin er í endurnýjun á stærri duftgerð en þeirri sem MS býr yfir í dag. Það skal þó áréttað að ekki verður hjá því komist að lagfæra og endurnýja hluta af duftgerð MS á Selfossi. Helstu niðurstöður þessa verkefnis ættu að geta legið fyrir á næstu tveimur mánuðum. Nú þegar liggja fyrir veigamestu markaðslegu forsendur sölu og tekna á erlendum mörkuðum og segja má að þær vekji bjartsýni.

Mjólkursamsalan þakkar Auðhmlu og kúabændum gott og árangursríkt samtarf undir krefjandi kringumstæðum á árinu 2020.

# Fulltrúar deilda Auðhumla

á aðalfundi 11. júní 2021

## Austurlandsdeild

Aðalfulltr.: Björgvin Gunnarsson Núpi  
Halldór Sigurðsson Hjartarstöðum

Varafultr.: Sigurbjög Sigurbjörnsdóttir Gilsárteigi 2  
Herdís Magna Gunnarsdóttir Egilsstöðum

Varafultr.: Arnór Hans Þrándarson Þrándarholti  
Ásmundur Lárusson Norðurgarði  
Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir Birtingarholti 4  
Páll Jóhannsson Núpstúni  
Sigríður Jónsdóttir Fossi  
Ágúst Gunnarsson Stærribæ

## Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Sæmundur Jón Jónsson Árbæ

Varafultr.: Eiríkur Egilsson Seljavöllum

## Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.: Haraldur Einarsson Urriðafossi  
Stefán Geirsson Gerðum  
Anne B Hansen Smjörðölum

## Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Magnús Sigurjónsson Pétursey 1  
Jóhannes Gissurarson Herjólfstöðum

Varafultr.: Bjarni Bjarnason Hraunkoti  
Órvar Egill Kolbeinsson Herjólfstöðum

Varafultr.: Fanney Ólafsdóttir Hurðarbaki  
Charlotte Clausen Hvammi  
Hrafnhildur Baldursdóttir Litla-Ármóti

## Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.: Ármann Fannar Magnússon Hrutafelli  
Magðalena Jónsdóttir Drangshlíðardal

Varafultr.: Sigríður Björk Ólafsdóttir Fit  
Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir Stóru-Mörk

## Hvalfjarðardeild

Aðalfulltr.: Haraldur Magnússon Belgsholti  
Ásthildur Skjaldardóttir Bakka

Varafultr.: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir Miðdal  
Lilja Guðrún Eyþórsdóttir Vestri-Reyni

## Landeyjadeild

Aðalfulltr.: Rafn Bergsson Hólmahjáleigu  
Karel Geir Sverrisson Seli

Varafultr.: Jóhann Nikulásson Stóru-Hildisey 2  
Anna Berglind Indriádadóttir Þúfu

## Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.: Egill Gunnarsson Hvanneyri  
Magnús Þór Eggertsson Ásgarði

Varafultr.: Jón Gíslason Lundi

## Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.: Guðmundur Ómar Helgason Lambhaga  
Þórir Már Ólafsson Bollakoti

Varafultr.: Birkir Arnar Tómasson Móeiðarholi  
Þorgeir Þórðarson Selalæk

## Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.: Laufey Bjarnadóttir Stakkhamri  
Sigurjón Helgason Mel  
Pétur Diðriksson Helgavatni  
Sigurbjörg Ottessen Hjarðarfalli

Varafultr.: Halldór J Gunnlaugsson Hundastapa  
Kristján Ágúst Magnússon Snorrastöðum  
Helgi Ólafsson Þverholtum

## Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild

Aðalfulltr.: Hannes Ólafsson Austvaðsholti  
Daníel Svanur Ólafsson Guttormshaga

Varafultr.: Ágúst Sæmundsson Bjólu  
Borghildur Kristinsdóttir Skarði

## Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.: Guðstaf Jökull Ólafsson Miðjanesi  
Þorgrímur Einar Guðbjartsson Erpsstöðum  
Sigrún Sigurðardóttir Lyngbrekku 2

Varafultr.: Jón Egill Jóhannsson Skerðingsstöðum  
Jónatan Magnússon Hóli  
Björn Birkisson Botni

## Uppsveitadeild

Aðalfulltr.: Hermann Geir Karlsson Miðdalskoti  
Eiríkur Jónsson Gýgjarhólskoti  
Bragi Viðar Gunnarsson Túnsbergi 1  
Jórunn Svavarsdóttir Drumboddsstöðum  
Hörður Óli Guðmundsson Haga  
Ragnhildur Sævarsdóttir Hjálmsstöðum

## Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Valgerður Kristjánsdóttir Mýrum III  
Guðný Helga Björnsdóttir Bessastöðum

Varafultr.: Sigurður Kjartansson Hlaðhamri



# Stjórn Auðhumla



Efri röð f.v.: Óttar Bragi Þráinsson, Þórunn Andrésdóttir, Elín M. Stefánsdóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.  
Neðri röð f.v.: Garðar Eiríksson, Jóhanna Hreinsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Björgvin R. Gunnarsson.

## Starfssvæði Auðhumla



### Formaður

Ágúst Guðjónsson, Læk

### Varaformaður

Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti

### Ritari

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti

### Meðstjórnendur

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum  
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð  
Björgvin R. Gunnarsson, Núpi  
Óttar Bragi Þráinsson, Miklaholti

### Varamenn

Haraldur Magnússon, Belgsholti  
Linda B. Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum  
Hrafnhildur Baldursdóttir, Litla-Ármóti

### Skoðunarmenn

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I  
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

### Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli  
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

### Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

■ Starfssvæðið

## Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Sigurður Magnússon  
Ingvar Björnsson  
Ingibjörg Sigurðardóttir

Hnjúki  
Hólabaki  
Auðólfstöðum

Fríðgeir Sigtryggsson  
Kjartan Smári Stefánsson  
Dagbjört Jónsdóttir

Breiðumýri  
Múla  
Sökku

Varafulltr.: Linda B. Ævarsdóttir  
Magnús Björnsson  
Jens Jónsson

Steinnýjarstöðum  
Syðra-Hóli  
Brandaskarði

Varafulltr.: Kristín Hermannsdóttir  
Aðalsteinn Hreinsson  
Baldur Helgi Benjamínsson  
Guðmundur Stefán Bjarnason  
Hermann Ingi Gunnarsson  
Stefán Magnússon  
Ari Heiðmann Jósavínsson  
Sif Jónsdóttir  
Gunnhildur Gylfadóttir  
Haukur Marteinnsson  
Ásvaldur Þormóðsson

Merkigili  
Auðnum  
Ytri-Tjörnum  
Svalbarði  
Klauf  
Fagraskógi  
Miðhvammi  
Laxamýri  
Steindyrum  
Kviabóli  
Stóru-Tjörnum

## Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Ásta Pétursdóttir  
Aðalsteinn Hallgrímsson  
Guðmundur Óskarsson  
Berglind Kristinsdóttir  
Vaka Sigurðardóttir  
Geir Árdal  
Hákon Harðarson  
Helga Hallgrímsdóttir

Hranastöðum  
Garði  
Hríshóli  
Hrafnagili  
Dagverðareyri  
Dæli  
Svertingsstöðum 2  
Hvammi

Alls 49 fulltrúar

# Verðlaunahafar 2020



Innl.númer	Nafn	Heimili	Deild
0237	Steinþór Björnsson og Auðbjörg E. Stefánsdóttir	Hvannabrekku	Austurlandsdeild
20127	Gerðabúið ehf.	Gerðum	Flóa- og Ölfusdeild
20211	Egilsstaðakot ehf.	Egilsstaðakoti	Flóa- og Ölfusdeild
20515	Geirkotungar ehf.	Geirakoti	Flóa- og Ölfusdeild
20606	Sæludalur ehf.	Skipholti 3	Uppsveitadeild
20608	Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti	Uppsveitadeild
20612	Þór Bjarnar Guðnason og Marta E. Hjaltadóttir	Kópsvatni	Uppsveitadeild
20628	Jóhann Kormásson og Esther Guðjónsdóttir	Sólheimum	Uppsveitadeild
20674	Grænagerði ehf.	Miðfelli 1	Uppsveitadeild
22204	Hagignúpur ehf.	Haga	Uppsveitadeild
22221	Bolette Höeg Koch	Hæli 1	Uppsveitadeild
20915	Ketiill Gíslason	Meiri-Tungu	Holta-,Landm.-, Ása- og Djúpardeild
20920	Daniel Magnússon	Akraut	Holta-,Landm.-, Ása- og Djúpardeild
21354	Erla Hlökkversdóttir	Sámsstöðum	Fljótshl.,Hvols- og Rangárvalladeild
21427	Þorgeir Þórðarsson og Sólveig Mekkin Eggertsdóttir	Selalæk	Fljótshl.,Hvols- og Rangárvalladeild
21975	Sigríður Björk Ólafsdóttir og Jóhann Jenson	Fit	Eyjafjalladeild
22018	Hildisey ehf.	Stóru-Hildisey 1	Landeyjadeild
22116	Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
22613	Péturseyjarbúið ehf.	Pétursey	V-Skaftafellsdeild
30018	Sigvaldi Jónsson og Björg María Þórsdóttir	Hægindi	Borgarfjarðardeild
30022	Ólöf Guðmundsdóttir	Brekukoti	Borgarfjarðardeild
30187	Mjólk og menn ehf.	Gunnlaugstöðum	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30493	Dalsmynni sf.	Dalsmynni	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30510	Laufey Bjarnadóttir og Þröstur Aðalbjarnarson	Stakkhamri	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30621	Guðjón Jóhannesson og Guðný H. Jakobsdóttir	Syðri-Knarrartungu	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
35180	Kjartan Jósefsson	Nýjubúð	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
36431	Kristján Oddsson	Neðra-Hálsi	Hvalfjarðardeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf.	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
51521	Pálmi Ingimarsson	Árholti	Austur-Húnaþingsdeild
51919	Hólabaksbúið ehf.	Hólabaki	Austur-Húnaþingsdeild
58511	Pétur Sigvaldason	Neðri-Torvastöðum	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
58605	Máreik ehf.	Tannstaðabakka	Vestur-Húnaþingsdeild
60034	Þórir Níelsson og Sara María Davíðsdóttir	Torfum	Norðausturdeild
60057	Hríshólsbúið ehf.	Hríshóli	Norðausturdeild
60067	Sveinn Rúnar Sigmundsson	Vatnsenda	Norðausturdeild
60089	Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir	Villingadal	Norðausturdeild
60107	Ytri-Tjarnir ehf.	Ytri-Tjörnnum 2	Norðausturdeild
60130	Hákon Bjarki Harðarsson	Svertingsstöðum 2	Norðausturdeild
60148	Guðmundur Gylfi Halldórsson	Breiðabóli	Norðausturdeild
60159	Pétur Friðriksson	Gautsstöðum	Norðausturdeild
60192	Þröstur Þorsteinsson	Moldhaugum	Norðausturdeild
60451	Trausti Þórisson	Hofsá	Norðausturdeild
60518	Urðarbúið	Urðum	Norðausturdeild
60572	Þorleifur K. Karlsson og Sigurbjörg Einarsdóttir	Hóli	Norðausturdeild
60613	Félagsbúið Böðvarnesi	Böðvarnesi	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
60622	Fornhólar ehf.	Fornhólum	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf.	Vogum	Norðausturdeild
68105	Erlingur Teitsson	Brún	Norðausturdeild
68118	Hildigunnur Jónsdóttir	Lyngbrekku	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson og Hulda Kristjánsdóttir	Búvöllum	Norðausturdeild
68408	Öxará rekstrarfélag ehf.	Öxará	Norðausturdeild
68540	Félagsbúið Hraunkoti	Hraunkoti	Norðausturdeild
	Fjöldi:	53	

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:

- Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins auk þess sem:
- Hámark frumutölu í mánuðinum sé 200 þúsund frumur/ml eða lægra, mælt og reiknað sem faldmeðaltal
  - Hámark líftölu í mánuðinum sé 20.000 ein/ml, mælt og reiknað sem beint meðaltal mánaðarins
  - Hámark frírra fitusýra sé 0,9 mmol/l, reiknað sem faldmeðaltal mánaðar



# Mjólkursamsalan ehf. 2020



Efri röð f.v.: Pálmi Vilhjálmsson, Ari Edwald, Óttar Bragi Þráinsson, Þórunn Andrésdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir og Ásvaldur Æ. Þormóðsson.  
Neðri röð f.v.: Sigurjón Rúnar Rafnsson, Þórólfur Gíslason, Elín M. Stefánsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Björgvín R. Gunnarsson.

## Stjórn Mjólkursamsölnunar skipa

Elín M. Stefánsdóttir formaður  
Þórólfur Gíslason varaformaður  
Ágúst Guðjónsson meðstjórnandi  
Þórunn Andrésdóttir meðstjórnandi  
Ásvaldur Þormóðsson meðstjórnandi

## Varamenn

Jóhann Hreinsdóttir  
Björgvín R. Gunnarsson  
Sigurjón Rúnar Rafnsson

## Forstjóri

Ari Edwald (til 31. ágúst)  
Pálmi Vilhjálmsson (frá 1. september)

## Endurskoðendur

Deloitte ehf.  
Benóní Torfí Eggertsson  
Árni Þór Vilhelmsson

## Rekstur

Tekjur innanlands voru áætlaðar 27.696 milljónir króna fyrir árið 2020 en raunsalan endaði í 27.531 milljónum króna og vantaði því aðeins 165 króna milljónir upp á áætlun, eða 0,6%. Tekjuaukning frá árinu 2019 var 772 milljónir króna, eða um 2,9%. Seld voru 2.324 tonn af viðbiti, 6.026 tonn af ostum og 1.141 tonn af dufti. Einnig voru seldir 39 milljónir lítra af ferskvörum.

Á árinu 2020 var 281 milljóna króna hagnaður af rekstri félagsins sem er hækkun upp á 104 milljónir frá árinu áður. Hlutfé félagsins var aukin um 508 milljónir króna á árinu og á Auðhumla í árslok 80% hlut í félaginu en Kaupfélag Skagfirðinga 20% hlut.

Snemma árs 2021 staðfesti Hæstiréttur dóm Landsdóms í máli félagsins gegn Samkeppniseftirlitinu um greiðslu sektar upp á 480 milljónir króna.

Heildareignir Mjólkursamsölnunar voru í árslok 2020 15.958 milljónir króna og eigið fé var 8.112 milljónir króna og samsvaraði það 50,8% eiginfrjárlutfalli.

Stöðugildi á árinu 2020 voru 430 og fækkaði um 2,5% á milli ára. Starfsemin fer fram á fimm starfsstöðvum um allt land.

Hagræðing hjá félaginu undangengin ár hefur byggst á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks sem það verðskuldar þakkir fyrir.

# Ísey útflutningur ehf. 2020



F.v.: Elin M. Stefánsdóttir formaður, Ágúst Guðjónsson, Sigurjón Rúnar Rafnsson og Ari Edwald forstjóri.

## Stjórn Ísey útflutningur ehf.

Elin M. Stefánsdóttir formaður  
Ágúst Guðjónsson  
Sigurjón Rúnar Rafnsson  
Ari Edwald forstjóri

## Endurskoðendur

Deloitte ehf.  
Benóní Torfi Eggertsson  
Árni Þór Vilhelmsson

## Spennandi verkefni

Ísey útflutningur ehf. hóf starfsemi 1. júlí 2018 sem dótturfélag MS en áður hafði sölu- og markaðsdeild MS séð um útflutning á skyri og aðra erlenda starfsemi. Frá 1. september 2020 er Ísey útflutningur ehf. sjálfstætt fyrirtæki í beinni eigu Auðhumla og KS eins og Mjólkursamsalan og er í nánú samstarfi við Mjólkursamsöluna á mörgum sviðum.

Aukinn útflutningur á skyri frá Íslandi, þannig að betra verð fáiast fyrir útflutt mjólkurhræfni, er mjög mikilvægt verkefni fyrir Ísey útflutning. Stærri hluti af umsvifum og afrakstri fyrirtækisins mun þó byggjast á svokölluðum þekkingarútflutningi þar sem markvisst er unnið að því að skapa sem mest verðmæti fyrir eigendur félagsins úr því hugviti sem hefur orðið til við skyrframleiðslu

síðustu áratugi. Það verkefni hefur þróast stig af stigi og á þeirri vegferð var lyklatríði að skapa vörumerki sem gæti verið hornsteinn í þeirri uppbyggingu sem þessi þekkingarviðskipti byggjast á. Sú stefna að láta reyna á þátttöku í alþjóðlegum viðskiptum á þessum grunni hefur þróast ágætlega á undanförunum árum.

Árið 2020 er annað heila rekstrarárið hjá Ísey útflutningi ehf. Rekstrartekjur félagsins voru tæpar 2.200 milljónir króna á árinu 2020 sem er rúmlega 11% aukning frá árinu 2019. Rekstrarhagnaður (Ebitda) var 218 milljónir króna og hagnaður eftir skatta var 150 milljónir króna. Á árinu 2019 var hagnaður ársins tæpar 84 milljónir króna og jókst því hagnaður á milli ára um rúmlega 79%. Bókfært eigið fé Ísey útflutnings var 288 milljónir króna í lok árs 2020. Alls seldu samstarfsaðilar Ísey útflutnings ehf. 17.654 tonn af skyri á árinu 2020. Samkvæmt áætlun fyrir yfirstandandi ár er stefnt að um 40% aukningu í heild og að salan verði tæplega 25.000 tonn.

Mörg spennandi verkefni eru í burðarliðnum. Í nóvember síðastliðnum hófst sala á Ísey skyri í Frakklandi og gera áætlanir ráð fyrir að sala hefjist í Þýskalandi og á Spáni á þessu ári og til stendur að skyrið til Þýskalands verði flutt út frá Íslandi. Samtals er íbúafjöldi í þessum þremur löndum um 200 milljónir

manna og því mjög spennandi markaður. Unnið er að uppsetningu á skyrverksmiðjum á Nýja Sjálandi og í Kína og er gert ráð fyrir að framleiðsla hefjist í júní 2021 á Nýja Sjálandi og á árinu 2022 í Kína.


Útganga Breta úr Evrópusambandinu hefur haft mikil áhrif á mögulega nýtingu á skyrkvóta til Evrópusambandsins enda var horft mest til markaðarins í Bretlandi í því sambandi. Fram hefur komið hjá utanríkisráðherra að áhugi er á því að ná samningum um útflutning á undanrennuftu til Bretlands í væntanlegum fríverslunarsamningi sem leysi gildandi bráðabirgðasamkomulag milli landanna af hólmi. Það væri stórt hagsmunamál fyrir íslenska kúabændur ef það tækist því möguleiki myndi skapast til að framleiða skyr í Bretlandi úr undanrennuftinu.

Góður vöxtur hefur verið hjá Ísey Skyr Bar og nýlega opnaði sjöundi staðurinn á Íslandi. Hver staður kaupir um 15 tonn af skyri árlega en meginmarkmið með stofnun Ísey Skyr Bars voru að styrkja Ísey vörumerkið bæði innanlands og utan og auka sölu á skyri. Árið 2020 opnaði finnskur rekstraraðili Ísey Skyr Bar á aðal-lestarstöðinni í Helsinki og er gert ráð fyrir fleiri stöðum á næstu misserum. Verulegur áhugi er á rekstri Ísey Skyr Bar staða í fleiri löndum þótt kórónuveirufaraldurinn hafi hægt á framkvæmdinni.


# Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2020 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2020 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2020 umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2020 umreiknuð í lítra m.v. prótein



## Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

Árið 2020	Árið 2019	Breyting 2020-2019	
		Lítrar	Hlutfall
11.482.210	11.022.122	460.088	4,17%
11.087.667	10.478.007	609.660	5,82%
12.231.799	11.627.073	604.726	5,20%
12.135.409	12.288.060	-152.651	-1,24%
12.387.736	12.605.583	-217.847	-1,73%
12.546.633	11.619.408	927.225	7,98%
11.770.662	12.505.431	-734.769	-5,88%
10.762.908	11.268.682	-505.774	-4,49%
10.172.955	10.444.561	-271.606	-2,60%
9.977.011	10.664.081	-687.070	-6,44%
9.753.409	10.437.774	-684.365	-6,56%
10.545.986	11.098.572	-552.586	-4,98%
134.854.385	136.059.354	-1.204.969	-0,89%

## Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2020	Árið 2019	Breyting 2020-2019	
		Lítrar	Hlutfall
12.781.216	12.299.992	481.224	3,91%
12.407.793	11.682.536	725.257	6,21%
13.667.643	12.956.364	711.279	5,49%
13.576.797	13.686.398	-109.601	-0,80%
13.832.282	14.038.656	-206.374	-1,47%
14.040.373	12.969.303	1.071.070	8,26%
13.197.378	13.937.810	-740.432	-5,31%
12.116.295	12.609.749	-493.454	-3,91%
11.472.550	11.654.482	-181.932	-1,56%
11.242.594	11.944.263	-701.669	-5,87%
10.939.324	11.644.858	-705.534	-6,06%
11.905.903	12.414.257	-508.354	-4,09%
151.180.148	151.838.668	-658.520	-0,43%



# Tölulegar upplýsingar



## Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2020 AH og KS

Skýringar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	128.755.940	6.081.685	134.837.625
Mjólkursamlag KS	16.227.300	98.463	16.325.763
Heimavinnsla	16.760	16.760	
Samtals Auðhumla og KS	145.000.000	6.180.148	151.180.148

Heimild: Atvinnuvegaráðuneytið og aðildarfélag SAM

## Fjöldi innleggjenda í deildum 2020 og 2019

Heiti deildar	31.12. 2020	31.12. 2019	Mismunur
Austurlandsdeild	20	21	-1
A-Skaftafellsdeild	7	7	0
V-Skaftafellsdeild	21	23	-2
Eyjafjalladeild	17	19	-2
Landeyjadeild	24	25	-1
Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild	15	16	-1
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	17	17	0
Uppsveitadeild	65	65	0
Flóa- og Ölfusdeild	35	36	-1
Hvalfjarðardeild	20	20	0
Borgarfjarðardeild	16	16	0
Snæfellsnes- og Mýradeild	37	37	0
Breiðafjarðardeild	25	27	-2
Vestur-Húnaþingsdeild	17	18	-1
Austur-Húnaþingsdeild	26	27	-1
Norðausturdeild	128	129	-1
Alls Auðhumla	490	503	-13

## Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar	Meðal- fita 2020	Meðal- fita 2019	Meðal- prótein 2020	Meðal- prótein 2019
Austurlandsdeild	4,22	4,18	3,39	3,38
A-Skaftafellsdeild	4,22	4,16	3,35	3,33
V-Skaftafellsdeild	4,27	4,21	3,39	3,32
Eyjafjalladeild	4,26	4,18	3,36	3,34
Landeyjadeild	4,21	4,16	3,35	3,31
Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild	4,22	4,16	3,35	3,28
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,27	4,15	3,41	3,34
Uppsveitadeild	4,29	4,18	3,36	3,31
Flóa- og Ölfusdeild	4,29	4,19	3,38	3,32
Hvalfjarðardeild	4,23	4,14	3,35	3,30
Borgarfjarðardeild	4,26	4,17	3,38	3,30
Snæfellsnes- og Mýradeild	4,27	4,19	3,35	3,28
Breiðafjarðardeild	4,18	4,11	3,38	3,30
Vestur-Húnaþingsdeild	4,26	4,17	3,39	3,34
Austur-Húnaþingsdeild	4,18	4,13	3,37	3,33
Norðausturdeild	4,26	4,20	3,42	3,39
Auðhumla	4,26	4,19	3,41	3,36



# Ársreikningur samstæðu 2020

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Auðhumlu svf. fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2020, efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Auðhumlu svf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ófjárhagslega upplýsingagjöf í viðauka með samstæðuársreikningi sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Auðhumlu svf., að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggð á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Auðhumlu svf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.



Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun, framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðu-ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar, í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir, sem notaðar eru, og tengdar skýringar séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tíma- setningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 5. maí 2021

#### Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson  
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson  
endurskoðandi

#### Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumla svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Eiríkur Jónsson

Hannes Ólafsson

Samstæðuársreikningur Auðhumla svf. fyrir árið 2020 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum og skoðunarmönnum.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaga félagsins sem eru níu: Mjólkursamsalan ehf. sem er framleiðslufyrirtæki sem tekur við mjólk til framleiðslu á drykkjarmjólk, ostum, skyrri og fleiri mjólkurvörum. MS eignarhald ehf. sem tók til starfa 1. september 2020 og heldur utan um eignarhald á Icelandic Provisions Inc. MS erlend starfsemi ehf. sem tók til starfa 1. september 2020 og heldur utan um eignarhald á Ísey útflutningi ehf. og Ísey Skyr Bar ehf. Dótturfélag MS erlend starfsemi, Ísey útflutningur ehf. lætur framleiða skyr í Danmörku undir vörumerkinu Ísey skyr og selur til Finnlands, Bretlands, Frakklands og Hollands auk þess að selja einkaleyfi á framleiðsluvörum félagsins. Bitruháls ehf. starfrækir sjálfvirka bílapvottastöð fyrir stærra bíla í eigu Mjólkursamsölnnar ehf. Í Mjólkurbúi Flóamanna ehf., Norðurmjólk ehf., Ost- og smjöröslunni ehf. og Ísey Skyr UK Limited er engin starfsemi á árinu 2020.

## Starfsemin á árinu

Hagnaður samstæðunnar á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam ...	357.442
Eignir samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu ....	21.865.968
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam .....	11.931.412
Inneign í stofnsjóði í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam .....	1.896.602
Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam	54,6%
Fjöldi ársverka á árinu nam .....	441

## Óvissupættir og ytra umhverfi

Stjórnendur hafa metið áhrif Covid-19 faraldursins á rekstur og reikningskil samstæðunnar sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu samstæðunnar eða getu hennar til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Sjá nánari upplýsingar í skýringu nr. 23.

## Stofnsjóður og eigendur

Í lok árs er fjöldi félagsaðila 542 í stofnsjóði en þeir voru 566 í upphafi árs. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur 90,7 milljónum króna. Úr stofnsjóði voru greiddar 176,7 milljónir króna.

## Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að reiknaðir verði 0,5% vextir af höfuðstól stofnsjóðs miðað við stöðu hans í árslok 2020 en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

## Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð sjö aðalmönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%. Í stjórn Auðhumlu svf. sitja þrjár konur og fjórir karlmenn og uppfyllir því skilyrði um kynjahlutföll skv. 9. gr. samþykta félagsins.

## Góðir stjórnarhættir

Stjórn félagsins leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Upplýsingar um stjórnarhætti er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir félagið upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt er gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindarmálum ásamt öðru. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í viðauka við samstæðuársreikning.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Auðhumlu svf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. maí 2021

### Í stjórn

Ágúst Guðjónsson  
Stjórnarformaður

Jóhanna Hreinsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Björgvin R. Gunnarsson

Þórunn Andrésdóttir

Ástvaldur Þormóðsson

Elín M. Stefánsdóttir

### Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2020 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

# Rekstrarreikningur ársins 2020

-----

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur .....	4	32.716.795	31.015.188
Aðrar tekjur .....		1.140.784	1.161.785
Kostnaðarverð seldra vara .....		(24.219.300)	(22.830.624)
Laun og launatengd gjöld .....	5	(4.697.724)	(4.654.728)
Annar rekstrarkostnaður .....		(3.025.989)	(3.016.570)
Afskriftir fastafjármuna .....	6	(1.167.421)	(1.119.297)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		747.145	555.755
Fjármunatekjur .....		19.338	25.474
Fjármagnsgjöld .....		(313.111)	(373.636)
	7	(293.773)	(348.162)
Hlutdeild í afkomu félaga .....		(5.181)	33.785
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		448.191	241.378
Tekjuskattur .....	8	(90.749)	(56.025)
<b>Hagnaður ársins</b>		357.442	185.352
<b>Hagnaður ársins sem tilheyrir:</b>			
Hlutdeild minnihluta .....		64.795	25.149
Hlutdeild Auðhumla svf. ....		292.647	160.204



# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	10	13.751.846	13.888.807
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	12	286.542	287.280
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	13	394.027	363.883
Skuldabréfaeign .....		55.621	21.717
Krafa á tengda aðila .....	17	67.486	24.755
		14.555.522	14.586.441
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	14	4.200.394	3.541.271
Viðskiptakröfur .....		2.731.400	2.635.958
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar .....		9.369	18.584
Krafa á tengda aðila .....	17	15.825	78.935
Aðrar skammtímakröfur .....		227.947	139.433
Handbært fé .....		125.511	68.339
		7.310.446	6.482.521
<b>Eignir</b>		<b>21.865.968</b>	<b>21.068.962</b>

# 31. desember 2020

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eigið fé</b>			
Stofnsjóður .....		1.896.602	1.916.868
Sérstakur endurmatsreikningur .....		3.589.835	3.679.093
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		207.978	138.046
Lögbundinn varasjóður .....		316.883	302.250
Óráðstafað eigið fé .....		4.238.209	3.992.912
Eigið fé meirihlutaeigenda .....		10.249.506	10.029.169
Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðu .....		1.681.906	1.136.512
<b>Eigið fé</b>		11.931.412	11.165.681
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	15	3.810.752	3.684.859
Aðrar langtímaskuldir .....	15	66.370	82.437
Fjármögnunarleigusamningar .....		397.396	392.645
Lífeyrisskuldbinding .....		309.707	304.721
Tekjuskattsskuldbinding .....	16	1.081.906	1.013.723
		5.665.367	5.478.385
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		2.136.031	2.168.182
Skuldir við lánastofnanir .....		931.363	1.177.469
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	208.745	207.514
Næsta árs afborganir fjármögnunarleigusamninga.....		272.792	299.061
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	8	36.169	25.873
Skuldir við tengd félög .....	17	29.666	0
Skuldir við erlenda birgja vegna fjárfestinga .....		72.966	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		581.457	546.798
		4.269.189	4.424.896
<b>Skuldir</b>		9.934.556	9.903.281
<b>Eigið fé og skuldir</b>		21.865.968	21.068.962

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		747.145	555.755
Afskriftir .....	6	1.167.421	1.119.297
Sölutap (-hagnaður) fastafjármuna .....		2.206	(7.586)
Hækkun, (lækkun) skuldbindinga .....		4.986	(12.871)
Niðurfærsla skuldabréfaeignar, breyting .....		(8.000)	(3.500)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta .....		1.913.758	1.651.095
Vörubirgðir, (hækkun) .....		(659.123)	(202.899)
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun) .....		(104.505)	(89.566)
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) .....		191.489	(73.828)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta .....		1.341.620	1.284.801
Innborgaðir vextir og arður .....		13.387	19.599
Greiddir vextir .....		(275.742)	(383.832)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>1.079.264</b>	<b>920.569</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	10/19	(714.037)	(871.184)
Keypt skuldabréf .....		(42.424)	(32.220)
Afborganir skuldabréfa .....		29.448	50.340
Keyptir eignarhlutir í hlutdeildarfélagum .....	12	(42.000)	(154.563)
Keyptir eignarhlutar í öðrum félagum .....		(20.000)	(3.876)
Hækkun á kröfum á tengda aðila .....		(40.000)	(2.600)
		(829.014)	(1.014.102)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(213.527)	(487.417)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga .....		(310.508)	(369.326)
Innborgun minnihluta á hlutafé dótturfélags .....	19	300.000	509.822
Nýjar langtímaskuldir .....	19	341.438	273.711
Lækkun á skuldum við tengda aðila .....		0	(1.282)
(Lækkun)/hækkun á skammtímaskuldum við lánastofnanir .....		(246.106)	151.990
Inntökugjald .....		544	956
Tillag í stofnsjóð .....		90.787	54.693
Útborgun úr stofnsjóði .....		(176.677)	(213.368)
		(214.049)	(80.221)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....		36.202	(173.754)
Handbært fé í upphafi árs .....		68.339	236.731
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		20.970	5.362
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		<b>125.511</b>	<b>68.339</b>



# Yfirlit um eigið fé ársins 2020

	Stofnsjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2019 .....	2.006.608	4.127.246	3.879.223	637.696	10.650.773
Hlutfé til dótturfélags .....				509.822	509.822
Lækkun á hlutdeild frá fyrra ári .....				(36.155)	(36.155)
Afskrift af endurmati .....		(87.008)	87.008		0
Tillag í stofnsjóð .....	54.693				54.693
Útborgun úr stofnsjóði .....	(213.368)				(213.368)
Inntökugjald .....	900		56		956
Vextir af stofnsjóði .....	68.035		(68.035)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta o.fl. ....			13.607		13.607
Fært á bundið eigið fé .....		71.141		(71.141)	0
Hagnaður ársins .....			160.204	25.149	185.352
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		8.010		(8.010)	0
<b>Eigið fé 1.1.2020 .....</b>	<b>1.916.868</b>	<b>4.119.389</b>	<b>3.992.912</b>	<b>1.136.512</b>	<b>11.165.681</b>
Hlutfé til dótturfélags .....				508.013	508.013
Lækkun á hlutdeild frá fyrra ári .....				(27.413)	(27.413)
Afskrift af endurmati .....		(89.258)	89.258		0
Tillag í stofnsjóð .....	90.787				90.787
Útborgun úr stofnsjóði .....	(176.677)				(176.677)
Inntökugjald .....	450		94		544
Vextir af stofnsjóði .....	65.174		(65.174)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta o.fl. ....			13.035		13.035
Fært á bundið eigið fé .....		69.931	(69.931)		0
Hagnaður ársins .....			292.647	64.795	357.442
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		14.632	(14.632)		0
<b>Eigið fé 31.12.2020 .....</b>	<b>1.896.602</b>	<b>4.114.695</b>	<b>4.238.209</b>	<b>1.681.906</b>	<b>11.931.412</b>

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Hlutdeildar- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Samtals annað bundið eigið fé
Eigið fé 1.1.2019 .....	66.905	294.240	3.766.101	4.127.246
Afskrift af endurmati .....			(87.008)	(87.008)
Fært á bundið eigið fé .....	71.141			71.141
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		8.010		8.010
<b>Eigið fé 1.1.2020 .....</b>	<b>138.046</b>	<b>302.250</b>	<b>3.679.093</b>	<b>4.119.389</b>
Afskrift af endurmati .....			(89.258)	(89.258)
Fært á bundið eigið fé .....	69.931			69.931
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		14.632		14.632
<b>Eigið fé 31.12.2020 .....</b>	<b>207.978</b>	<b>316.883</b>	<b>3.589.835</b>	<b>4.114.695</b>

Endurmatsreikningur er tilkominn vegna endurmats á fasteignum félagsins.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Auðhumla svf. (félagið) er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Auðhumla svf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Austurvegi 65, 800 Selfoss.

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Upplýsingar um dótturfélögin eru settar fram í skýringu 11.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði, sjá nánar í skýringu 24 fyrir reikningsskilaaðferðir. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig:

Sala innanlands .....  
Sala erlendis .....

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun .....  
Lífeyrissjóður .....  
Önnur launatengd gjöld .....  
Annar starfsmannakostnaður .....

Meðalfjöldi stöðugilda .....

	2020	2019
	29.628.207	28.344.018
	3.089.588	2.671.170
	32.716.795	31.015.188
	2020	2019
	3.761.856	3.754.195
	491.232	481.493
	327.841	337.337
	116.794	81.703
	4.697.724	4.654.728
	441	447

# Skýringar

## 6. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna án endurmats .....  
 Afskriftir af endurmati varanlegra rekstrarfjármuna .....

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum .....  
 Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign .....  
 Arður af hlutabréfaeign .....  
 Gengishagnaður .....  
 Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....  
 Aðrar vaxtatekjur .....

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir .....  
 Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....  
 Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum .....  
 Gengistap .....  
 Önnur vaxtagjöld .....

## 8. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 90,7 milljónum króna (2019: 56 milljónir). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2021 nemur 36,2 milljónum króna (2020: 25,9 milljón).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður fyrir skatta .....  
 Skatthlutfall .....  
 Fengin arður .....  
 Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagas .....  
 Aðrir liðir .....  
 Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....

2020		2019	
Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
448.191		241.378	
(89.638)	20,0%	(48.276)	20,0%
53	0,0%	55	0,0%
(1.037)	(0,2%)	6.757	2,8%
(127)	(0,0%)	(14.562)	(6,0%)
(90.749)	(20,2%)	(56.026)	(23,2%)

## 9. Úrskurður Samkeppniseftirlitsins

Í september 2016 lagði Samkeppniseftirlitið 480 milljónir króna stjórnvaldssekt á Mjólkursamsölunna ehf. vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi þennan úrskurð úr gildi í desember 2016 og lækkaði sektargreiðsluna í 40 milljónir króna. Samkeppniseftirlitið áfrýjaði úrskurði Áfrýjunarnefndar til Héraðsdóms Reykjavíkur og hefur málið nú farið í gegnum öll dómstig á Íslandi og lauk í mars 2021 með því að Hæstiréttur Íslands staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

# Skýringar

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Verksmiðjuvélar og tæki	Bifreiðar og flutningatæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2019 .....	12.342.079	14.872.601	2.190.420	29.405.101
Eignfært á árinu .....	10.605	855.649	41.639	907.893
Selt og aflagt á árinu .....	0	(11.893)	(91.057)	(102.950)
Staða 1.1.2020 .....	12.352.684	15.716.357	2.141.002	30.210.044
Eignfært á árinu .....	32.286	913.545	174.766	1.120.597
Selt og aflagt á árinu .....	0	(77.422)	(133.614)	(211.036)
Staða 31.12.2020 .....	12.384.970	16.552.479	2.182.155	31.119.604
<b>Afskriftir</b>				
Staða 1.1.2019 .....	5.447.276	8.602.596	1.232.251	15.282.123
Afskrift ársins .....	173.490	745.215	200.592	1.119.297
Selt og aflagt á árinu .....	0	(6.722)	(73.462)	(80.184)
Staða 1.1.2020 .....	5.620.766	9.341.090	1.359.381	16.321.237
Afskrift ársins .....	177.507	795.942	193.973	1.167.422
Selt og aflagt á árinu .....	0	(21.843)	(99.058)	(120.901)
Staða 31.12.2020 .....	5.798.273	10.115.189	1.454.296	17.367.758
<b>Bókfært verð</b>				
Staða 1.1.2019 .....	6.894.803	6.270.005	958.170	14.122.978
Staða 1.1.2020 .....	6.731.918	6.375.267	781.622	13.888.807
Staða 31.12.2020 .....	6.586.697	6.437.291	727.859	13.751.846
<b>Bókfært verð án endurmats</b>				
Staða 1.1.2019 .....	2.187.178	6.270.005	958.170	9.415.353
Staða 1.1.2020 .....	2.133.053	6.375.267	781.622	9.289.942
Staða 31.12.2020 .....	2.099.405	6.437.291	727.859	9.264.554
Afskriftarhlutföll .....	2-6%	5-33%	3-20%	

Fasteignir samstæðunnar voru endurmetnar á árinu 2017 sem var fært til hækkunar á eignunum og á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjárreikninga og tekjuskattskuldbindingar. Við endurmatið var stuðst við mat óháðs fasteignasala og leiddi mat hans til þess að bókfært verð fasteigna hækkaði um 4,8 milljarða króna. Stjórnendur hafa lagt mat á virði fasteigna í árslok 2020. Ekki þykir tilefni til þess að breyta matinu í árslok 2020.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir .....	9.946.835	17.922.775
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		23.410.570
Rekstrarstöðvunartrygging .....		9.833.473



# Skýringar

## 11. Félög í samstæðu

### Eignarhlutar í dótturfélögum:

	Eignarhlutur	Meginstarfsemi
Mjólkursamsalan ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	80,00%	Framleiðslufyrirtæki
Bitruháls ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	100,00%	Þvottastöð
Mjólkurbú Flóamanna ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	100,00%	Engin starfsemi
Norðurmjólk ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	100,00%	Engin starfsemi
Osta- og smjörnsalan ehf., Austurvegi 65, Selfossi .....	100,00%	Engin starfsemi
Ísey útflutningur ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	80,00%	Heildverslun með mjólkurafurðir
MS eignarhald ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	80,00%	Eignarhaldsfélag
MS erlend starfsemi ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	80,00%	Eignarhaldsfélag
Isey Skyr UK Limited, London .....	80,00%	Engin starfsemi

## 12. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

### Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Gangvirði
Íslenskar mysuafurðir ehf., Ártorgi 1, Sauðárkróki .....	50,00%	285.250	231.734	231.734
Ísey Skyr Bar ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	57,00%	607	54.563	54.563
Skyrheimar ehf., Sigtúni 3, Selfossi .....	49,00%	245	245	245
Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélögum greinist þannig:			2020	2019
Staða í ársbyrjun .....			287.280	137.489
Keypt á árinu .....			42.000	154.563
Hlutdeild í afkomu .....			(42.738)	(4.772)
Staða í árslok			286.542	287.280

Á árinu jók samstæðan hlut sinn í Ísey Skyr Bar ehf. úr 55% í 57%. Félagið er ekki hluti af samstæðu félagsins þar sem samstæðan er ekki með full stjórnunarleg yfirráð þar sem móðurfélag samstæðunnar á 45,6% (57% \* 80%) hlut í félaginu á móti 54,4% beinum og óbeinum hlut annarra eigenda í félaginu.

## 13. Eignarhlutar í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf. ....	89,62%		23.161
Fóðurblandan ehf. ....	15,70%	147.054	305.679
Ámundakinn ehf. ....	6,60%	11.500	18.619
Greið leið ehf. ....	0,03%	900	1.000
Vottunarstofan Tún ehf. ....	5,40%	500	500
Matgæði ehf. ....	0,04%	150	150
Selasetur Íslands ehf. ....	1,50%	50	0
Norðurvegur ehf. ....	2,66%	450	0
Icelandic Provisions Inc. ....	14,90%	486	21.972
Responsible Foods ehf. ....	5,60%	28	20.000
Sláturfélag Suðurlands svf. B deild .....	1,04%	2.080	2.080
Kaupfélag Árnesinga svf. B deild .....	3,98%	4.100	820
Stofnsjóður samvinnutrygginga .....	Óverulegt		46
			394.027

# Skýringar

## 14. Vörubirgðir

	31.12.2020	31.12.2019
Fullunnar vörur .....	3.302.628	2.741.438
Hráefni .....	177.408	151.796
Umbúðir .....	448.070	418.873
Aðrar vörur .....	272.289	229.164
	<u>4.200.394</u>	<u>3.541.271</u>

Vörubirgðir í lok fjárhagsársins hafa verið metnar með tilliti til seljanleika og eru vörubirgðir færðar niður samkvæmt því mati. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og meðtalin í gjaldfærslu birgða er niðurfærsla að fjárhæð 265 milljónum króna (2019: 100 milljónir).

## 15. Langtímaskuldir

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir í erlendra mynt .....	94.579	106.630	0	0
Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar .....	0	0	3.727.775	3.594.618
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggðar .....	0	0	263.513	273.562
	<u>94.579</u>	<u>106.630</u>	<u>3.991.288</u>	<u>3.868.181</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	28.209)	(24.192)	(180.535)	(183.321)
	<u>66.370</u>	<u>82.437</u>	<u>3.810.752</u>	<u>3.684.859</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
Næsta árs afborganir .....	28.209	24.192	180.535	183.321
Afborganir 2022/2021 .....	28.993	82.437	137.865	169.169
Afborganir 2023/2022 .....	29.799	0	2.582.318	126.193
Afborganir 2024/2023 .....	7.578	0	100.147	2.570.331
Afborganir 2025/2024 .....	0	0	101.352	87.837
Afborganir 2026/2025 .....	0	0	102.603	88.711
Afborganir síðar .....	0	0	786.467	642.620
	<u>94.579</u>	<u>106.630</u>	<u>3.991.288</u>	<u>3.868.181</u>

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir við lánastofnanir .....	3,16%	5,28%
Aðrar langtímaskuldir .....	2,17%	2,17%

# Skýringar

## 16. Tekjuskattsskuldbinding

	Inneign/(skuldbinding)	
	2020	2019
Staða í ársbyrjun .....	(1.013.723)	(982.088)
Áhrif samsköttunar .....	(25.872)	(14.089)
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta og inntökugjalds .....	13.035	13.607
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	(90.750)	56.025
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári .....	36.169	25.873
Staða í árslok .....	(1.081.142)	(1.013.723)

Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(1.256.646)	(1.157.439)
Verðbréfaeign .....	1.900	3.500
Veltufjáreignir .....	(28.475)	(40.940)
Lífeyrisskuldbinding.....	61.941	60.944
Skammtímaskuldir .....	84.641	64.272
Starfslok .....	2.608	5.431
Frestaður gengismunur .....	3.613	79
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	49.276	50.430
	(1.081.142)	(1.013.723)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	31.12.2020	31.12.2019
Frá hagnaði ársins 2027/2026.....	202	
Frá hagnaði ársins 2028/2027 .....	230.541	3.015
Frá hagnaði ársins 2029/2028 .....	15.635	230.541
Frá hagnaði ársins 2030/2029 .....		18.592
	246.378	252.148

# Skýringar

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Laun og hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda:

	2020	2019
Stjórnarmenn .....	45.490	45.704
Stjórnendur .....	205.142	217.758
	<u>250.633</u>	<u>263.462</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2020:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, félagasamtök .....		6		29.666
Íslenskar mysuafurðir ehf., hlutdeildarfélag .....			15.000	
Icelandic Provisions Inc., hlutdeildarfélag .....			825	
Skyrheimar ehf., hlutdeildarfélag .....			67.486	
	<u>0</u>	<u>6</u>	<u>83.311</u>	<u>29.666</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2019:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, félagasamtök .....	7.800	107	32.234	
Íslenskar mysuafurðir ehf., hlutdeildarfélag .....			15.000	
Ísey Skyr Bar ehf., hlutdeildarfélag .....			30.919	
Icelandic Provisions Inc., hlutdeildarfélag .....			782	
Skyrheimar ehf., hlutdeildarfélag .....			24.755	
	<u>7.800</u>	<u>107</u>	<u>103.690</u>	<u>0</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.



# Skýringar

## 18. Fjárhagsleg áhættustýring

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerninga.

### Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

### Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðli og ber samstæðan áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Samstæðan reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptamiðlum.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

	2020	2019	Breyting
USD .....	128,11	121,33	5,6%
GBP .....	174,83	161,11	8,5%
CAD .....	100,6	93,69	7,4%
DKK .....	21,05	18,23	15,5%
NOK .....	14,94	13,82	8,1%
SEK .....	15,59	13,00	19,9%
CHF .....	144,79	125,38	15,5%
JPY .....	1,24	1,12	10,7%
EUR .....	156,62	136,25	15,0%

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Staðan 31. desember 2020 .....	600.759	436.392	164.367
Staðan 31. desember 2019 .....	427.386	300.082	127.304

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2020		31.12.2019	
	5%	10%	5%	10%
Áhrif á afkomu og eigið fé: .....	8.218	16.437	6.365	12.730

### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem langtímaskuldir samstæðunnar bera fasta og breytilega vexti. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og viðeigandi blöndu af lánum með föstum og breytilegum vöxtum.

# Skýringar

Vaxtakjör á lántökum samstæðunnar koma fram í skýringu 15 fyrir langtímaskuldir. Af vaxtaberandi skuldum bera 5.593 milljónir breytilega vexti (31. desember 2019: 5.737 milljónir) og 94,6 milljónir fasta vexti (31. desember 2019: 106,6 milljónir).

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

	31.12.2020		31.12.2019	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé .....	27.964	55.928	28.697	57.374

## Verðbólguáætta

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 263,5 milljónir króna eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs (31. desember 2019: 273,6 milljónir) og hefur þróun neysluvísitölu því áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Hækkun verðbólgu um 1% yfir árið hefði lækkað afkomu samstæðunnar um 2,6 milljónir króna fyrir tekjuskatt (2019: 2,7 milljónir). Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar.

## Útlánaáætta

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu og settar hafa verið útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina ásamt bankaábyrgðum til að lágmarka lánsáættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breyttar aðstæður mótaðila. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarks útlánaáættu.

Hámarks útlánaáætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2020	31.12.2019
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur .....	64.990	40.301
Kröfur á tengd félög .....	83.311	103.690
Viðskiptakröfur .....	2.731.400	2.635.958
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna) .....	2.883	3.844
Handbært fé .....	125.511	68.297
	<b>3.008.095</b>	<b>2.852.090</b>

## Lausafjáráætta

Lausafjáráætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem samstæðan gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að samstæðan geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

Skuldir 31. desember 2020:

	Innan árs	2022	2023	2024 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi .....	2.811.016	0	0	0	2.811.016
Með breytilegum vöxtum .....	1.536.309	419.594	2.733.300	1.463.759	6.152.961
Með föstum vöxtum .....	31.034	30.521	30.521	7.630	99.706
	<b>4.378.359</b>	<b>450.115</b>	<b>2.763.821</b>	<b>1.471.389</b>	<b>9.063.683</b>

Skuldir 31. desember 2019:

	Innan árs	2021	2022	2023 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi .....	2.705.424	0	0	0	2.705.424
Með breytilegum vöxtum .....	1.887.793	595.150	292.583	3.643.565	6.419.091
Með föstum vöxtum .....	26.992	84.161	815	59	112.027
	<b>4.620.209</b>	<b>679.311</b>	<b>293.398</b>	<b>3.643.624</b>	<b>9.236.542</b>

# Skýringar

## 19. Hreyfingar án greiðsluáhrifa í sjóðstreymi samstæðunnar

### Hreyfingar án greiðsluáhrifa vegna fjárfestinga

Á árinu keypti samstæðan vél og eru 73 milljónir króna af þeirri fjárfestingu ógreiddar í árslok 2020 og hefur ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðstreymi samstæðunnar. Að auki fjárfesti samstæðan í bifreiðum og tækjum með lántöku að fjárhæð 280 milljónum króna og af þeirri fjárhæð eru 238 milljónir króna sem hafa ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðstreymi samstæðunnar.

### Hreyfingar án greiðsluáhrifa vegna hlutafjárhækkunar

Á árinu 2020 var hlutafé Mjólkursamsölnunnar ehf. hækkað um 508 milljónir króna. Minnihlutaeigandinn Kaupfélag Skagfirðinga svf. greiddi 300 milljónir króna með peningum og með skuldajöfnun við félagið að fjárhæð 208 milljónir króna. Meirihlutaeigandinn Auðhumla svf. tók ekki þátt í hlutafjárukningunni.

## 20. Leigusamningar

Mjólkursamsalan hefur gert leigusamning við Ámundarkinn ehf. um leigu á Hnjúkabyggð 34 á Blönuduósi til 2029 sem hægt er að framlengja tvö ár í senn. Leigusamningurinn er bundinn byggingarvísitölu og er tveggja ára gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Greidd leiga á árinu 2020 var 20,3 milljónir króna (2019: 19,8 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2021, uppreiknaðar miðað við byggingarvísitölu í desember 2020, eru 20,4 milljónir króna.

Mjólkursamsalan hefur einnig gert húsaleigusamning við Árfoss ehf. um leigu á Austurvegi 69 á Selfossi til 2026 sem hægt er að framlengja eitt ár í senn. Leigusamningurinn er bundinn byggingarvísitölu og er eins árs gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Greidd leiga á árinu 2020 var 16,2 milljónir króna (2019: 15,6 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2021, uppreiknaðar miðað við byggingarvísitölu í desember 2020, eru 16,5 milljónir króna.

Í árslok 2020 gerði Mjólkursamsalan húsaleigusamning við Bakkahlíð ehf. um leigu á neðri hæð á Njarðarnesi 10 á Akureyri til ársloka 2023 sem hægt er að framlengja. Leigusamningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs. Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2021 eru 7,5 milljónir króna.

## 21. Ábyrgðir, veðsetningar og önnur mál

Veðsetningar og skuldbindingar utan efnahagsreiknings greinast þannig á eignarflokka:

	Bókfært verð veðsettra eigna	Fjárhæð skulda
Lán með veði í fasteignum .....	2.347.729	1.085.735
Lán með veði í birgðum og viðskiptakröfum .....	5.718.678	43.750
Lán með veði í fasteignum, birgðum, viðskiptakröfum og handbæru fé .....	7.743.647	3.385.461

## 22. Þóknun til endurskoðenda

	2020	2019
Endurskoðun ársreiknings .....	17.931	20.702
Önnur þjónusta .....	7.060	7.368
	24.991	28.070

## 23. Áhrif Covid-19 á reikningsskilin

Stjórnendur hafa metið áhrif Covid-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil samstæðunnar sem óverulega. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu samstæðunnar eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Samstæðan hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum Covid-19. Stjórnendur hafa metið hugsanleg áhrif á virðisrýrnun efnislegra eigna og telja að ekki séu til staðar vísbendingar um virðisrýrnun. Þá hefur verið tekið tillit til væntra áhrifa á innheimtanleika krafna sem eru að mati stjórnenda óveruleg.

## 24. Reikningsskilaaðferðir

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Félagið endurmetur á reikningsskiladegi hvort yferráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar, miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur, sem myndast, er færður í rekstrarreikning.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yferráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

### Skráning gjalda

Gjöld, sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu, eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur, sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna, er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.



# Skýringar

---

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatsþækkningar vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins, sem tilheyrir þeirri eign, færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir, þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu, eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er færður við rekstrarreikning við sölu.

## Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Til hlutdeildarféлага teljast félag þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitid hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi samstæðufélag gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

## Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímaskuldir, sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga, eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

# Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Um Auðhumla

Auðhumla svf. er samvinnufélag í eigu um 500 mjólkurframleiðenda um land allt. Félagið er rekið á samvinnugrundvelli með takmarkaðri ábyrgð samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Auðhumla nær yfir allt Ísland að undanskildum Skagafirði. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að taka við mjólk frá félagsmönnum og umbreyta í mjólkurafurðir sem seldar eru á markaði á Íslandi og erlendis. Þá er félaginu heimilt að reka hverja þá starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsmenn þess. Félaginu er meðal annars heimilt að stofna dótturfélög um starfsemi sína. Jafnframt er félaginu heimilt að fela utanaðkomandi aðila hluta af verkefnum sínum. Tilgangi sínum hyggst félagið ná meðal annars með því að:

- Reka afurðastöðvar (mjólkurbú).
- Stunda öflugt og skilvirkt sölu- og markaðsstarf með framleiðsluvörur félagsins og aðrar vörur eftir því sem henta þykir.
- Vera aðili að Mjólkursamsölunni ehf.
- Vera aðili að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.
- Leiðbeina félagsmönnum um meðferð mjólkur.
- Annast flutninga í eigin þarfir, fyrir félagsmenn og aðra.
- Annast rekstur og umsýslu fasteigna.
- Nýta þekkingu og aðstöðu félagsins til að skapa því aukinn arð af starfsemi innanlands sem utan.

Félagið er með höfuðstöðvar að Austurvegi 65, Selfossi.

Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölnnar ehf. (MS) með 80% eignarhlut. MS er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins á Íslandi og er leiðandi fyrirtæki í matvælaíðnaði á Íslandi. Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir neytenda.

## Umhverfismál

Félagið einsetur sér í allri starfsemi sinni, allt frá söfnun mjólkur frá framleiðendum til framleiðslu og dreifingar fullunninnar vöru til viðskiptavina, að starfa í sátt við umhverfi sitt og náttúru landsins hverju sinni. Með umhverfisstefnu sinni leitast félagið við að endurspegla umhverfisvæn sjónarmið í öllum skrefum virðis\_keðjunnar og leggja þar með ríka áherslu á bestu umgengni okkar til verndar umhverfinu og náttúru landsins. Til að ná sem bestum árangri í umgengni við umhverfi og lífríki leggur félagið megináherslu á eftirtalda þætti sem tengjast umhverfisvernd með beinum hætti:

### Loftlagsmál

Félagið leitast við að spara orku í starfsemi sinni en um leið að nota eins og kostur er umhverfisvæna orku sem framleidd er með sjálfbærum hætti.

### Vatnsverndar- og frárennismál

Rekstur afurðastöðva í mjólkurvinnslu krefst mikillar vatnsnotkunar. Því er brýnt að hafa nægan aðgang að góðu og heilnæmu neysluvatni sem stenst allar kröfur sem til þess eru gerðar. Til að svo megi vera er því jafnaðsýnlegt að umgangast aðgengi okkar að neysluvatni sem auðlind sem við þurfum að gæta að og varðveita.

### Umbúðir, aðfanganotkun og fastur úrgangur

Auk þess að reyna að lágmarka alla aðfanganotkun í starfsemiinni leggur félagið áherslu á: Að allar ytri umbúðir verði margnota þar sem því verður við komið. Að þær umbúðir, sem eru í beinni snertingu við vöruna og eru ekki endurnýtanlegar, verði framleiddar úr efnum sem eru endurnýtanleg. Þær umbúðir verði jafnframt framleiddar úr eins umhverfisvænum efnum og kostur er og efnisnotkun og samsetning þeirra þannig gerð að þær falli vel að sorpflokkun. Að allt það sorp, sem fellur til hjá starfsstöðvum félagsins og afhendist til endurvinnslustöðva, verði flokkað eftir þeim viðmiðum og reglum sem viðkomandi endurvinnslustöðvar vinna eftir hverju sinni. Rík áhersla verði lögð á sorpflokkun.

# Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Gæða- og matvælaöryggi

Á félagið er lögð sú áhersla að það tryggi viðskiptavinum sínum aðgang að öruggum og heilnæmum matvælum. Í þeim tilgangi vinnur félagið með skipulögðum hætti að eftirfarandi áherslu- og starfsþáttum:

### Mjólkurframleiðsla hjá kúabændum

Félagið grundvallar starfsemi sína á móttöku og vinnslu fyrsta flokks hráefnis sem ávallt er framleitt við bestu mögulegu aðstæður. Til viðbótar þeim opinberu kröfum, sem fram koma í lögum og reglum um aðstæður til framleiðslu matvæla, vinnur félagið skipulega að því að allir mjólkurframleiðendur, sem leggja inn mjólk hjá félaginu og samstarfsaðilum, uppfylli kröfur um öll þau viðmið og skilyrði sem ná yfir eftirtalda þætti í mjólkurframleiðslu á kúabúum: matvælaöryggi við framleiðslu, dýravelferð og umgengni og ásýnd kúabúa.

### Úrvinnsla mjólkur og framleiðsla mjólkurvara

Við söfnun og móttöku mjólkur og úrvinnslu hennar við framleiðslu mjólkurvara er stefna félagsins að tryggja matvælaöryggi með því að uppfylla opinberar kröfur, lög og reglugerðir og styðjast ávallt við bestu framleiðslutækni og traustan framleiðslubúnað sem skilar hámarks gæðum og stuðlar að sem mestu framleiðsluöryggi. Gæðastjórnun félagsins er samstarfsverkefni alls starfsfólks fyrirtækisins og lögð er áhersla á hvatningu, þjálfun, gott upplýsingastreymi og að skapa góðan vinnustað.

### Gæðaeftirlit og rannsóknir

Til að skapa góðan grundvöll að traustum starfsþáttum er reglubundið fylgst með hverjum þætti virðisæðjunnar, allt frá mjólkurframleiðendum til fullunninnar vöru sem tilbúin er til afhendingar til neytenda. Til að ná þessum markmiðum tryggir félagið: Að til staðar sé vottað gæðakerfi í öllum starfsstöðvum félagsins og að það nái yfir alla virðisæðjuna, allt frá hráefnismóttöku frá framleiðendum, innra eftirliti með framleiðslu mjólkurvara og til afhendingar fullunninnar vöru til viðskiptavina. Að í fyrirtækinu sé ávallt til staðar viðeigandi tækjabúnaður til nauðsynlegra mælinga og rannsókna. Að góð þekking starfsfólks sé til staðar innan fyrirtækisins og reglubundin endurmenntun á sérsviði eftirlits og rannsókna fari fram.

## Samfélagsleg ábyrgð

Með því að setja kröfur á birgja um gæði hráefnis samkvæmt gæðastefnu félagsins stuðlar það að dýravelferð þar sem gæði mjólkur byggjast á aðbúnaði og góðri umhirðu kúa. Að sama skapi hefur þetta einnig áhrif á matvælaöryggi.

### Hollustustefna

Félagið, fyrirtæki í eigu kúabænda á Íslandi, einsetur sér að framleiða hollar og fjölbreyttar mjólkurvörur í takt við þarfir neytenda. Markmið félagsins eru þrjúþætt: Að styðja við heilbriggt lífnefni neytenda. Að auka gagnsæi um hollustu og innihald vara. Að fjölga valkostum í mjólkurvörum og draga áfram úr sykri í bragðbættum mjólkurvörum.

### Lýðheilsa og heilbrigði

Félagið tekur þátt í ýmsum verkefnum þar sem það hvetur til bættrar lýðheilsu og heilbrigði og er m.a. aðili að samstarfi við Beinverndarsamtökin og Íþróttakennarafélag Íslands. Einnig hefur félagið unnið með Embætti landlæknis og birt skilaboð frá því á mjólkurfernum. Til viðbótar leggur félagið áherslu á að styðja við íþróttastarf og hvetja til hreyfingar og holls mataræðis.

### Íslensk tunga

Félagið leggur áherslu á málrækt með því að styðja við íslenska tungu í markaðsstarfi fyrirtækisins. Félagið býður starfsfólki sínu af erlendum uppruna upp á íslenskukennslu svo það aðlagist samfélaginu betur og styður við verkefni sem efla íslenska tungu barna og unglinga. Félagið styður við íslenska ferðaþjónustu með því að fræða neytendur um íslenska náttúru á mjólkurfernum.

### Frumkvöðlastarfsemi

Félagið stuðlar að því að efla íslenskt atvinnulíf með því að eiga í samstarfi við fjölmörg lítil frumkvöðlafyrirtæki.

# Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

---

## **Mannauður**

Ein helsta auðlind félagsins er mannaúður þess og þekkingin og reynslan sem hann býr yfir. Til að hlúa að starfsfólki hefur félagið sett fram skýra mannaúðsstefnu. Vellíðan og öryggi starfsfólksins er félaginu hugleikin og því hefur félagið einnig markað sér stefnu um öryggi og vinnuvernd og um forvarnir gegn einelti og kynferðislegri áreitni.

Félagið styður við fjölbreytni í íslensku atvinnulífi með starfsfólk frá mörgum þjóðlöndum.

## **Mannauðs- og jafnréttisstefna**

Mannauðs- og jafnréttisstefna félagsins lýsir hvernig fyrirtækið sér fyrir sér þróun mannaúðsmála hjá fyrirtækinu. Hún hefur þann tilgang að vísa félaginu veginn þannig að afstaða fyrirtækisins í mikilvægum málaflokkum tengdum starfsfólkinu sé skýr. Hún felur í sér ákveðin skilaboð til starfsmanna, stjórnenda, stjórnar, eigenda og samfélagsins. Helstu áherslur hennar eru: liðsheild og gildi, ráðningar og fjölbreytni, móttaka nýliða, þjálfun og fræðsla, stjórnun og endurgjöf, öryggi og vinnuvernd, einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi, þekkingar- og upplýsingmiðlun, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti og sveigjanleg starfslok.

## **Jafnlaunavottun**

Mjólkursamsalan hlaut vottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 í desember 2019. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

## **Persónuvernd**

Vegna aukinna krafna laga um persónuvernd og vinnslu upplýsinga hóf félagið vinnu við skráningu ferla gagnvart þessum auknu kröfum. Þann 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf sem síðan kom til framkvæmda í Evrópu þann 25. maí 2018. Þar sem vernd persónuupplýsinga er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) var Ísland skuldbundið til að innleiða þessa nýju löggjöf í íslenskan rétt. Þann 15. júní 2018 tóku síðan í gildi ný lög frá Alþingi um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Með þessum lögum var persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins leidd í íslenskan rétt.

## **Spillingar-, mútu- og mannréttindamál**

Stjórn félagsins hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra.

Félagið virðir almenn mannréttindi og rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar alla sína starfsmenn, sama hvort það eru þeirra launþegar eða eigin undirverktakar.

Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um spillingar-, mútu- og mannréttindamál en vinna við það er komin af stað og lýkur væntanlega á árinu 2021.



